

Mál nr. 299/2019**M og****V v/ frítímaslysáttryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er maður við flogaveikikast féll í jörðina svo tennur sködduðust.****Gögn.**

Málskot, móttekið 12.9.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 18.9.2019.

Málsatvik.

Aðfaranótt 2. júní 2019 var M á gangi á gangstétt er hann fékk flogaveikikast og féll við það í gangstéttina með þeim afleiðingum að hann varð fyrir áverka á tönnum. Hefur M orðið fyrir kostnaði vegna viðgerða á þeim tönnum sem sködduðust við fallið.

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá V og hefur krafist bóta úr frítímaslysáttryggingarlið váttryggingarinnar vegna þess kostnaðar sem hann hefur orðið fyrir vegna viðgerðar á tönnum. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt váttryggingarskilmálum frítímaslysáttryggingarinnar sem hér um ræðir greiðir félagið bætur vegna slyss er váttryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, í ólaunuðu námi eða við almennar íþróttaiðkanir ef það leiðir m.a. til tannbrots. Þá er tekið fram í skilmálunum að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

Í málinu liggur fyrir að flogaveikikast varð þess valdandi að M féll í gangstéttina með þeim afleiðingum að tennur hans sködduðust. Þannig var það ekki utanaðkomandi atburður sem olli meiðslunum heldur flogaveikikastið. Eins og skilmálar váttryggingarinnar áskilja verða meiðsl á líkama, öðrum en útlimum (þ.e. griplimum og fótlimum), m.a. að hafa orðið við skyndilegan utanaðkomandi atburð svo um slys sé að ræða sem fæst bætt úr váttryggingunni. Með því að þessu skilyrði var ekki fullnægt í tilviki því sem hér um ræðir teljast tannáverkarnir ekki hafa orðið af völdum slyss í skilningi váttryggingarinnar. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingunni vegna þeirra tannáverka sem hann hlaut umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.